

Þann 23. september síðastliðinn hlaut starfsemi Set Pipes GmbH í Þýskalandi vottun hjá Vottun hf. Fyrirtækið er dótturfélag Sets ehf. á Selfossi en Set hefur haft vottað gæðastjórnunarkerfi síðan 1997. Þýska fyrirtækið framleiðir foreinangruð stálrör í löngum einingum til notkunar í fjarvarmaveitum. Rörin eru einangruð með viðstöðulausri einangrunartækni, svokallaðri Conti-aðferð. Sögu Sets ehf. má rekja aftur til ársins 1968, þegar Steypuiðjan hóf framleiðslu á steynsteiptum fráveiturörum. Síðan hafa bæst við fjölmargar gerðir plaströra og rökakerfa til notkunar í hitaveitu-, vatnsveitu- og fráveitukerfum, auk hlífðarröra fyrir raflagnir og ljósleiðara.

